

Nd.

309. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina að selja Grímsneshreppi kirkjujörðina Stóru-Borg.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Grímsneshreppi kirkjujörðina Stóru-Borg fyrir það verð og með þeim greiðsluskilmálum, er um semur.

Óheimilt er Grímsneshreppi að selja jörðina.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hreppsnefnd Grímsneshrepps hefur óskað þess, að ég aflaði lagaheimildar fyrir sölu á jörðinni Stóru-Borg. Jörðin er miðsveitis. Þar er þingstaður hreppsins og samkomuhús. Kirkjustaður er þar. Nú er jörðin í eyði. Grímsnesingum er það mikið áhugamál að tryggja hreppnum jörðina til eignar sakir þeirrar þýðingar, sem hún hefur fyrir ýmiss konar starfsemi innan sveitarinnar.